



# Leiðbeiningar fyrir matarvagna



## 1. Slökkvitæki



Handslökkvitæki skal vera til staðar, upphengt við flóttaleið. Ef djúpsteyking á sér stað, þarf viðeigandi handslökkvitæki á feitiselda, þ.e.a.s. eldflokk F að vera til staðar.



---

## 2. Reykskynjarar



Staka reykskynjara með hljóðgjafa skal setja í rými þar sem slíkt er talið nauðsynlegt vegna brunavarna. Þá skal velja með hliðsjón af aðstæðum og staðsetja þannig að þeir geti með sem bestum hætti skynjað og látið vita af eld.

---


## 3. Eldvarnarteppi



Eldvarnarteppi skal vera til staðar, upphengt svo auðvelt sé að nota það og á sýnilegum stað þar sem auðvelt er að ná því.

---


## 4. Gasskynjarar



Ef notast er við gas skal setja upp gasskynjara þar sem því verður við komið. Þá skal staðsetja niður við gólf þannig að þeir geti með sem bestum hætti skynjað og látið vita af leka svo fljót sem auðið er.

---

## 5. Flóttaleiðir



A.m.k. tvær flóttaleiðir, sem eru óháðar hvor annarri. Björgunarop má nota sem aðra flóttaleið, björgunarop geta verið auðopnanlegir gluggar eða hlerar sem nota má við flótta úr eldsvoða til öruggs svæðis.

## 6. Gaskútar



Hámarksþyngd gashylkis er 11 kg og mega hylkin ekki vera fleiri en tvö talsins (eitt í notkun, annað til vara).

Gashylki eiga að standa upprétt og það tryggilega frá þeim gengið að þau færast ekki úr stað. Rými fyrir gashylki á að vera með læsingu. Þegar vagninn er í notkun á rýmið að vera ólæst til þess að hægt sé að skrúfa fyrir gashylkið í skyndi. Gashylki, sem komið er fyrir að utanverðu, verður að hafa læsanlega hlíf sem nær a.m.k. yfir loka og þrýstiminnkara

Ganga skal þannig frá gashylkjum, gastækjum, tengingum og festingum að búnaðurinn losni ekki þegar vagninn er á ferð.

## 7. Eldunartæki



Fjarlægð frá brennara að óvörðum vegg úr brennanlegu efni má vera 25 cm í það minnsta, ef bilið er minna verður að klæða vegginn með klæðningu í flokki 1.


## 8. Háfar og lagnir



Þar sem eldun fer fram með djúpsteikingarpottum, gufupottum, grilli, og færanlegum ofnum skal stærð á háf vera slík að hann nái vel yfir **öll** eldunartækin.

Útsogsrör skulu vera vökvapétt og öll samskeyti skulu vera með heilsoðnum samsetningum og ganga órofin út undir bert loft. Rör og blásarar skulu vera þannig gerð að auðvelt sé að hreinsa. Rörin og blásarana ber að hreinsa reglulega.

## 9. Fjarlægðir



Fjarlægð frá matarvagni í aðra byggingu þarf að lágmarki að vera 4 metrar.



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Sími: 528-3000

[www.shs.is](http://www.shs.is)

